

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Mosfellsbæjar.

1. gr.

Vatnsgjald.

Almennt vatnsgjald skal vera 0,084% af fasteignamati mannvirkja og lóða. Gjald dagar almenns vatnsgjalds eru þeir sömu og bæjarstjórn ákveður hverju sinni vegna álagðra fasteignagjalda í sveitarfélaginu.

2. gr.

Heimæðagjöld.

Heimæðagjöld skulu vera sem hér segir:

32 mm rör	175.354	kr. án vsk.
40 mm rör	233.572	kr. án vsk.
50 mm rör	336.105	kr. án vsk.
63 mm rör	642.991	kr. án vsk.
75 mm rör	919.915	kr. án vsk.
90 mm rör	1.143.090	kr. án vsk.
110 mm rör	1.272.920	kr. án vsk.
140 mm rör	1.427.610	kr. án vsk.
180 mm rör	1.713.932	kr. án vsk.

Stærð heimæðar er ákvörðuð af Vatnsveitu Mosfellsbæjar í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er styttri en 20 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 20 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkt greiðir hann heimæðagjöld að nýju. Gjald vegna vatnsúðaheimæða er kr. 3.403.204 fyrir hverja heimæðarlögn.

Gjald vegna tengingar vinnuvatns er kr. 94.000 án vsk.

3. gr.

Mælagjöld.

Gjald vegna rennslismæla skal vera sem hér segir, verð án vsk.

<i>stærð mælis</i>	<i>kr./dag</i>	
15 mm	31,85	án vsk.
20 mm	35,00	án vsk.
25 mm	45,23	án vsk.
32 mm	49,97	án vsk.
40 mm	63,47	án vsk.
50 mm	74,53	án vsk.
80 mm	200,77	án vsk.
100 mm	204,90	án vsk.

4. gr.

Grafrargjöld.

Gjald er lagt á vegna ídráttarröra, fleygunar og sprenginga. Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist vegna skurðgraftar er gjaldið 9.334 kr./lengdarmetra án vsk.

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftir á.

Klaki/klöpp	dýpt sm	kr./lengdarmetra/án vsk.
klaki/klöpp	< 30	3.158
klaki/klöpp	> 30	6.373

5. gr.

Aukavatnsgjald.

Aukavatnsgjald til stórnotenda er kr./m³ 40,29 án vsk.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1226/2016.

Mosfellsbæ, 28. desember 2017.

Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 26. janúar 2018